



Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2018-2019 03.05.2019 9. bréf

Kæru nemendur og foreldrar!

Ég vil byrja á því að óska ykkur gleðilegs sumars og takk fyrir veturinn! Vonandi hafið þið átt góða daga í þessu óvenju langa páskaeyfi.

Nú fer að styttest í lokin á þessu skólaári en skólaslit verða þann 4. júní. Hér aftar í bréfinu má sjá tímasetningarnar hjá árgöngunum. Skólaslitin verða í síðan klukkan í Glerárkirkju þar sem 10. bekkur verður útskrifaður.

Nú erum við að skipuleggja næsta skólaári og er nokkuð ljóst hverjir verða umsjónarkennarar í árgöngunum. Hér aftar í bréfinu má sjá þá niðurröðun. Nokkrar breytingar verða á starfsmannahópnum á næsta skólaári en það skýrist betur þegar líða fer á mánuðinn þar sem nokkarar auglýsingar eru á vef Akureyrarbæjar.

Nú hefur vorið aldeilis komið snemma hjá okkur og þá hvetjum við alla til að ganga eða hjóla í skólann. Það er nauðsynlegt að draga úr akstri einkabíla eins og mögulegt er. Til að taka af allan vafa þá höfum við leyft 1. bekk að koma á hjóli í skólann þar sem þeir nemendur verða sjö ára á þessu ári. Það má ekki gleyma hjálminum ef komið er á hjóli.

Vorhátíð Síðuskóla verður haldin þann 12. maí og verður hún með svipuðu sniði og verið hefur. Tombólan er ómissandi á þessum degi og vonandi sjáum við sem flesta á hátíðinni. Einnig munum við byrja hátíðina á því að taka á móti tilvonandi 1. bekk.

Á næsta skólaári ætlum við að breyta skipulagi á skólastofunum í skólanum. 1. og 2. bekkur verða á D-gangi og frístund verður þar sem sérdeildin er í dag. Á C-gang fara 3. og 4. bekkur. Á B-gang verður 5.-7. bekkur og á A-gang fara 8.-10. bekkur. Tilgangurinn með þessum breytingum er m.a. sá að setja yngsta stigið okkar á tvo ganga þar sem það er fjölmennasta stigið í skólanum. Einnig að koma frístundinni á gang yngstu nemendanna. Sérdeildin verður staðsett þar sem frístund er í dag. Við vonum svo sannarlega að þetta reynist vel.

Það er vissulega mikið um að vera hjá okkur í skólanum og erum við svo sannarlega tilbúin fyrir lokasprettinn á þessu skólaári.

Með bestu kveðju úr skólanum!

Ólöf Inga

Á döfinni í maí:

10. maí	Þemadagur
12. maí	Vorhátíð Foreldra- og kennarafélags Síðuskóla
14.—17. maí	Frjálsíþróttamót 4.—7. bekkur í Boganum
27.—29. maí	Skólaferðalag 10. bekkjar
30. maí	Uppstigningardagur
31. maí	Umhverfisdagur
3. júní	Umhverfisdagur
4. júní	Skólaslit



Maí er
tileinkaður



Ábyrgð

Regla mánaðarins er

**„Við fylgjum reglum sem
gilda á hverjum stað“**

Börn hjálpa börnum—ABC hjálparstarf

Börn hjálpa börnum, hið árlega söfnunaráttak ABC barnahjálpar fór fram núna í apríl. Verkefnið er unnið í samstarfi við grunnskóla landsins. Þetta er í 21. sinn sem þessi söfnun fer fram og hefur verið ómetanleg fyrir starfsemi ABC barnahjálpar. Oftast er einn árgangur valinn til að sjá um söfnunina, gjarnan 5. bekkur. Nemendur Síðuskóla létu sitt ekki eftir ligga í ár og gengu nemendur í hús og söfnuðu alls kr. 91.626.- sem eiga eftir að nýtast vel. Vel gert 5. bekkur! Hér að ofan má sjá mynd af 5. bekk úti í góða veðrinu í vikunni með söfnunarbaukana.



Umsjónarkennarar skólaárið 2019-2020

1. bekkur Hilla og Rannveig
2. bekkur Kristín Har. og Tobba
3. bekkur Magga Bald og Sigga Bjarna
4. bekkur Hulda Guðný og ?
5. bekkur Diljá og ?
6. bekkur Hrönn og Katrín María
7. bekkur Jóhanna og Jónína
8. bekkur Sigrún Sig. og Helga Lyngdal
9. bekkur Björk og Þorbjörg
10. bekkur Sigga Jóh. og Ingibjörg

Vorhátíð Síðuskóla 2019

Hin árlega Vorhátíð Síðuskóla verður haldin
sunnudaginn 12. maí nk. klukkan 14:00-16:00.

Kaffihlaðborð, andlitsmálning, hoppukastalar, tóm-
bóla, grillaðar pylsur, popp og safi.

Verð:

Kaffihlaðborð:	Fullorðnir kr. 1.000.-
	1. - 10. bekkur kr. 500.-
	Leikskólabörn Frítt
	Svali kr. 100.-
	Pylsa kr. 200.-
	Popp kr. 100.-
	Bingómiði kr. 200.-

Skólaslit Síðuskóla vorið 2019 verða sem hér segir:

Kl. 9:00 **1.— 4. bekkur**

Kl. 10:00 **5.—9. bekkur**

Kl. 15:00 **10. bekkur**

Nemendur í 1.-9. bekk mæta fyrst á sal og þá mun skólastjórinn kveðja fyrir hönd skólans. Síðan fara nemendur í sínar heimastofur, fá vitnisburðarblöð efir veturinn og kveðja sína umsjónarkennara. 10. bekkur ásamt aðstandendum og starfsfólk mæta í Gleráarkirkju og síðan verður kaffi á efir í skólanum.

Hæfileikakeppni Síðuskóla—úrslit

Úrslit í hæfileikakeppni Síðuskóla fóru fram 4. apríl sl. Í úrslitunum kepptu þau atriði sem höfðu verið hlutskörpust í undankeppnunum þar á undan. Keppnin var hörð en sigurvegarar urðu strákar úr 4. bekk sem fluttu lag og dans og hér til hliðar má sjá mynd af þeim eftir keppnina. Til hamingju strákar!



Síðasti söngsalur vetrarins í gærmorgun

Í gær fór fram síðasti söngsalur vetrarins. Ivan Mendez kom og spilaði undir og eins og venjulega tóku nemendur og starfsfólk vel undir, en 4. og 10. bekkur höfðu valið lögin að þessu sinni. Hér að neðan má sjá nokkrar myndir.



MATSEÐILL - maí 2019

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
		1. Frídagur verkamanna	2. Soðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð og ávextir	3. Lambagúllas, hrísgrjón og grænmeti
6. Plokkfiskur, rúgbrauð og ávextir	7. Kjötbúðingur, kartöflur, sósa og grænmeti	8. Fiskur í raspi, kartöflur, sósa og ávextir	9. Pizza	10. Mjólkurgrautur og slátur
13. Lasagna, grænmeti	14. Soðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð og ávextir	15. Svínasnitset, kartöflur, grænmeti	16. Fiskiréttur, hrísgrjón, salatbar	17. Blómkálssúpa, brauð
20. Soðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð og ávextir	21. Grænmetisbuff, hrísgrjón, salatbar	22. Ofnbakaður fiskur, hrísgrjón, sósa, ávextir	23. Steiktur kjúklingur, kryddkartöflur, sósa	24. Skyr, brauð og álegg
27. Kenjar kokksins	28. Kenjar kokksins	29. Kenjar kokksins	30. Uppstigningardagur	31. Kenjar kokksins
3. Kenjar kokksins				